**Nd. 359. Nefndarálit [2. mál]**

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Ríkisstjórnin vill knýja fram afgreiðslu á lánsfjárlögum fyrir árið 1986 enda þótt flestar forsendur þeirra séu óljósar og málið í heild ótækt til afgreiðslu nú fyrir áramót. Af þeim ástæðum lagðist 1. minni hl. nefndarinnar gegn afgreiðslu málsins út úr nefnd enda fékk nefndin aðeins tvo daga til að fjalla um málið. Leggur 1. minni hl. til að deildin vísi málinu frá með rökstuddri dagskrá.

Verður nú vikið að fáeinum atriðum frumvarpsins:

1. Aðalgrein frumvarpsins um erlendar lántökur var ekki frágengin þegar meiri hl. ákvað að taka málið út úr nefnd þar sem forsendur fjárlagafrumvarpsins lágu ekki fyrir. Þegar málið var tekið út úr nefnd lá fyrir að mati meiri hl. að það vantaði 200–300 milljónir króna í erlendar lántökur samkvæmt greininni! Þá er gert ráð fyrir því að hækka töluna yfir innlendar lántökur um 250 millj. kr. án þess að því fylgi ýkjatrúverðugur rökstuðningur.
2. Í 3. gr. er gert ráð fyrir því að strekkjast enn við að heimila 200 millj. kr. lántöku vegna hugsanlegra samninga um stækkun álversins. Hefur komið fram að stjórnarmeirihlutinn bindur helst vonir við kínverskt fyrirtæki í þeim efnum. Allt er málið þó óljóst og bersýnilegt að óþarfi er að taka þessa málsgrein inn í frumvarpið. Skal minnt á að sams konar málsgrein var inni í lögunum s.l.vor og meiri hl. heimtaði greinina inn enda þótt fyrir lægi að heimildin yrði ekki notuð á þessu ári.
3. Óljós eru fjármál raforkufyrirtækjanna samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið. Mun ríkisstjórnin þegar hafa tekið ákvarðanir um verðskrár fyrirtækjanna á næsta ári án þess að tekið hafi verið mið af lánsheimildum Orkubúsins og RARIK. Er þar allt óskýrt.
4. Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um þróunarfélagið. Formaður stjórnar þess, Davíð Scheving Thorsteinsson, skýrði frá því á fundi nefndarinnar að hann hefði tekið að sér formennsku í stjórninni í trausti þess að félagið hefði 450 milljónir kr. til ráðstöfunar á næsta ári. Í ljós kemur að fjárheimild handa félaginu er mun lægri og kom fram í máli formannsins að hann telur vafasamt að félaginu takist að standa við verkefni sín á næsta ári. Einnig kom fram að engin heildarútlánastefna hefur verið mótuð fyrir félagið.
5. Stöðug vandamál komu upp hjá meiri hlutanum í sambandi við málefni hitaveitnanna þar sem um er að ræða milljarðaskuldir. Tóku þessar tölur því breytingum í neðri deild eftir verulegar breytingar í fyrri deild.
6. Harðar deilur standa milli stjórnarflokkanna um það hvar á að vista 200 millj. kr. vegna skipaviðgerða á næsta ári. Það mál er enn óútkljáð þegar 2. umr. fer fram í neðri deild.
7. Fram kom í nefndinni algjört stefnuleysi varðandi fiskeldismál og er þeim, sem áhuga hafa nú, vísað á marga sjóði auk þróunarfélagsins. Bendir allt til þess að tilviljunarkennd vinnubrögð og stefnuleysi geti stofnað þessari nýju atvinnugrein í hættu ef svo heldur fram sem horfir.

8. Í II. kafla frumvarpsins er kveðið á um skerðingu á einstökum sjóðum og verkefnum. Alvarlegasta skerðingin er á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Byggist frumvarpsgreinin á því að sjóðurinn verði skertur um 400 millj. kr. eða að lán til námsmanna verði skert um 30% á næsta ári. Verði lánareglum ekki breytt á fyrri hluta ársins vegna þess að lánsloforð hafa verið send út fyrir aprílúthlutun **verður ekkert eftir í sjóðnum eftir mitt ár.**
9. Það kom fram á fundi nefndarinnar að niðurskurður framlaga til Kvikmyndasjóðs mun valda verulegum vandræðum hjá hópi kvikmyndagerðarmanna. Bætist það við óvissuna sem ríkti á þessu ári. Þessi stefna ríkisstjórnarinnar er að vísu aðeins hluti af mennta- og menningarstefnu hennar þar sem framlög til lista hafa aldrei verið lægri en nú um langt árabil — eða um það bil 0,37% fjárlaga að því er Sveinn Einarsson upplýsti á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar.
10. Það kom fram á fundi nefndarinnar að Fiskveiðasjóður neitar að taka við skipaviðgerðum inn á verkefnaskrá sína. Er það mál sem fyrr segir óleyst við 2. umr. um frumvarpið.
11. Bent skal á þá skerðingu sem Framkvæmdasjóður fatlaðra verður fyrir. Kom Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir verkefnum sjóðsins og tilfinnanlegum niðurskurði á framlögum til hans. Verður gerð nánari grein fyrir þessum niðurskurði og verkefnum Framkvæmdasjóðsins í framsöguræðu.
12. Ljóst er að iðnaðurinn á við vaxandi vandamál að stríða, gagnstætt því sem haldið hefur verið fram. Þannig upplýstu forráðamenn Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs að vanskil við sjóðina hefðu aukist talsvert á þessu ári.
13. Í frumvarpi til lánsfjárlaga heldur ríkisstjórnin uppteknum hætti og skerðir framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Er þetta í annað sinn sem sjóðurinn er skertur. Er það athyglisvert með tilliti til þess að ríkisstjórnin hefur í orði kveðnu viljað styrkja fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna. Verkin sýna annað.
14. Í III. kafla frumvarpsins eru ýmsar heimildir. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að raðsmíðaskipin verði leyst úr slipp. Mjög óljóst er hve mikla fjármuni það kostar og eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þeim efnum fráleit og hafa þegar bakað ríkissjóði verulegt tjón.
15. Á síðasta fundi nefndarinnar var ákveðið að fella niður framlög til afleysingaþjónustu í sveitum en vísa málinu á Stofnlánadeild, með öðrum orðum á bændur sjálfa. Þó kom fram hjá meiri hl. að gert er ráð fyrir að velta kostnaðinum af þessu yfir á neytendur í formi hækkaðs vöruverðs.

Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur atriði sem sýna að frumvarp til lánsfjárlaga er ótækt til afgreiðslu. Þess vegna gerir minni hl. tillögu um svonefnda

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarpið er illa undirbúið, allar forsendur þess óljósar, auk þess sem víða er harkalega vegið að undirstöðuþáttum velferðar- og menningarsamfélags á Íslandi samþykkir deildin að vísa málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Guðrún Agnarsdóttir hefur áheyrnaraðild að nefndinni og stendur að nefndaráliti þessu.

Alþingi, 18. des. 1985.

| | |
|---|---|
| Guðmundur Einarsson,<br>fundaskr. | Svavar Gestsson,<br>frsm. |

Fylgiskjal I.

SEDLABANKI ÍSLANDS
Greiðslujafnaðardeild

16. des. 1985

## SAMANBURÐUR Á LÁNSFJÁRLÖGUM OG ERLENDUM LÁNTÖKUM 1985

(í millj. kr. á áætluðu meðalgengi ársins)

| Lánnotendur | Lánsfjár- áætlun | Lánsfjár- lög | Erlendar lántökur 1985 jan.-nóv. | desember | samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| OPINBERIR AÐILAR | 4.412 | 4.259 | 8.320 | -1.151 | 7.169 |
| A- og B- hluti (1) | 2.519 | 2.593 | 4.935 | -1.202 | 3.733 |
| Ríkisfyrirtæki(2) | 1.740 | 1.340 | 2.937 | 0 | 2.937 |
| þ. a. Landsvirkjun | 1.200 | 1.036 | 2.836 | 0 | 2.836 |
| Sveitarfélög | 153 | 326 | 448 | 51 | 499 |
| þ. a. hitaveitur | 153 | 326 | 415 | 50 | 465 |
| LÁNASTOFNANIR | 992 | 1.262 | 618 | 1.327 | 1.945 |
| Framkvæmdasjóður | 942 | 1.092 | 456 | 1.327 | 1.783 |
| Aðrar lánastofnanir | 50 | 170 | 162 | 0 | 162 |
| ATVINNUFYRIRTÆKI | 1.896 | 1.675 | 1.991 | 399 | 2.390 |
| Steinullarverksmiðjan(2) | 60 | 75 | 215 | 0 | 215 |
| Skip og flugvélar | | | 506 | 75 | 581 |
| Fiskiskip | | | 0 | 0 | 0 |
| Innlend skipasmíði | | | 0 | 0 | 0 |
| Endurbætur | | | 149 | 75 | 224 |
| Önnur skip | | | 202 | 0 | 202 |
| Flugvélar | | | 155 | 0 | 155 |
| Vélar og tæki | | | 700 | 167 | 867 |
| Ýmislegt | | | 570 | 157 | 727 |
| ERLEND LÁN, alls | 7.300 | 7.196 | 10.929 | 575 | 11.504 |
| Erlend skammtímalán:(3) | | -326 | -256 | 0 | -256 |
| hitaveitur | | -326 | -240 | | -240 |
| innlend skipasmíði | | | -16 | | -16 |
| Óráðstöfuð lán:(4) | | | -1.494 | 644 | -850 |
| ríkissjóðs | | | -870 | 1244 | 374 |
| Landsvirkjun | | | -1.824 | 0 | -1.824 |
| Framkvæmdasjóðs | | | 1.200 | -600 | 600 |
| LEIÐRÉTT ÚTKOMA | | 6.870 | 9.179 | 1.219 | 10.398 |

(1) Lántökur ríkissjóðs í jan.-nóv. 1985 er ekki skipt á endanlega notendur.

(2) Steinullarverksmiðjan er talin til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs í lánsfjáráætlun 1985.

(3) Fyrirrennarar langtímalana.

(4) Á gjaldeyrisreikningi í Seðlabanka og erlendis.

Fylgiskjal II.

**Lánasjóður íslenskra námsmanna.**



Fylgiskjal III.

Lánasjóður íslenskra námsmanna.



Fylgiskjal IV.

# FJÁRLAGABEIÐNI LÍN FYRIR 1986

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Launagjöld | 17.434 |
| 2. | Rekstrargjöld | 13.953 |
| 3. | Fjármagnskostnaður | 149.404 |
| 4. | Yfirfærslur | 62.790 |
| 5. | GJÖLD SAMTALS | 243.581 |
| 6. | Fjármunatekjur | 58.317 |
| 7. | Framlög ríkissjóðs | 1.924.362 |
| 8. | TEKJUR SAMTALS | 1.982.679 |
| 9. | MISMUNUR | 1.739.098 |

Fjármunahreyfingar út :

| | | |
|---|---|---|
| 10. | Veitt lán | 1.657.393 |
| 11. | Afborgun lána | 106.502 |
| 12. | Fjárfestingar | 1.444 |
| | SAMTALS | 1.765.339 |

Fjármunahreyfingar inn :

| | | |
|---|---|---|
| 13. | Innh. afborganir | 26.241 |
| 14. | Tekin lán | 0 |
| 15. | Ráðstöfun eigin fjár | 1.739.098 |
| | SAMTALS | 1.765.339 |

LÁNASJÓÐUR ÍSL. NÁMSMANNA SV 12.12.85

FJÁRHAGSÁÆTLUN LÁNASJÓÐS ÍSLENSKRA NÁMSMANNA
Á MEÐALVERÐLAGI 1986 - ALLAR UPPH. Í ÞÚS. KR.

| | Fjárþörf 1986 á meðal-verðlagi 1986 | Hlutfalls-skipting 1986 | Fjárlagafrv. á verðlagi 1.jan 1986 | Fjárlfrv. hlutfall af fjárþörf LÍN | Fjárvöntun á verðlagi 1986 |
|---|---|---|---|---|---|
| ÚT : | | | | | |
| Rekstur skrifst. | 31.387 | 1,56% | 8.000 | 25,49% | 23.387 |
| Fjárfest | 1.444 | 0,07% | 0 | 0,00% | 1.444 |
| Afb.og vextir | 255.906 | 12,74% | 197.920 | 77,34% | 57.986 |
| Ferðastyrkir | 62.790 | 3,13% | 50.765 | 80,85% | 12.025 |
| Veitt lán | 1.657.393 | 82,50% | 923.825 | 55,74% | 733.568 |
| alls | 2.008.920 | 100,00% | 1.180.510 | 58,76% | 828.410 |
| INN : | | | | | |
| Í sjóði | | | | | |
| Fjárm. tekjur | 84.558 | 4,21% | 80.510 | 95,21% | 4.048 |
| Framlög + lántökur | 1.924.362 | 95,79% | 1.100.000 | 57,16% | 824.362 |
| alls | 2.008.920 | 100,00% | 1.180.510 | 58,76% | 828.410 |
| | | | | | |
| Framlag | 1.924.362 | | 750.000 | 38,97% | 1.174.362 |
| Lántökur | 0 | | 350.000 | | -350.000 |

Í þessum tölum er ekki reiknað með að haustaðstoð til
1. árs nema (164 mkr.) sé greidd út fyrr en í janúar 1987.

ÁÆTLAÐAR LÁNVEITINGAR 1986

| | VORLÁN 85 | GENGISBR. | + GENGI | LÁN+GENGI | VERÐBR | +VERÐLAG | LÁN+GE+VE | FJÖLGUN | + FJÖLGUN | VORLÁN 1986 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| DANMÖRK | 89.575 | 28,66% | 25.668 | 115.243 | 5,80% | 6.684 | 121.927 | | | |
| NOREGUR | 23.949 | 25,87% | 6.195 | 30.144 | 5,50% | 1.658 | 31.802 | | | |
| SVÍÞJÓÐ | 21.258 | 24,02% | 5.105 | 26.363 | 7,70% | 2.030 | 28.393 | | | |
| BANDAR. | 160.960 | 6,21% | 9.996 | 170.956 | 3,70% | 6.325 | 177.281 | | | |
| KANADA | 6.603 | 1,57% | 103 | 6.706 | 3,90% | 262 | 6.968 | | | |
| BRETLAND | 22.730 | 31,65% | 7.193 | 29.923 | 6,90% | 2.065 | 31.988 | | | |
| FRAKKL. | 6.772 | 32,69% | 2.214 | 8.986 | 6,50% | 584 | 9.570 | | | |
| V-ÞÝSKAL. | 16.168 | 32,47% | 5.250 | 21.418 | 2,50% | 535 | 21.954 | | | |
| Samt.' | 348.015 | 17,74% | 61.725 | 409.740 | 4,92% | 20.143 | 429.883 | | | |
| ÖNNUR L. | 13.801 | 29,85% | 4.120 | 17.921 | 5,80% | 1.039 | 18.960 | | | |
| ERL.ALLS | 361.816 | 18,20% | 65.845 | 427.661 | 4,95% | 21.183 | 448.843 | 10,00% | 44.884 | 493.727 |
| ÍSLAND | 381.920 | 0,00% | 0 | 381.920 | 31,60% | 120.687 | 502.607 | 23,20% | 116.605 | 619.211 |
| VORLÁN | 743.736 | 8,85% | 65.845 | 809.581 | 17,52% | 141.869 | 951.450 | 16,97% | 161.489 | 1.112.939 |

| | HAUSTL. 85 | GENGISBR. | + GENGI | LÁN+GENGI | VERÐL. | + VERÐLAG | LÁN+GE+VE | FJÖLGUN | + FJÖLGUN | HAUSTLÁN 86 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| DANMÖRK | 44.341 | 30,60% | 13.570 | 57.911 | 5,80% | 3.359 | 61.269 | | | |
| NOREGUR | 12.630 | 27,81% | 3.512 | 16.142 | 5,50% | 888 | 17.030 | | | |
| SVÍÞJÓÐ | 11.066 | 27,62% | 3.056 | 14.122 | 7,70% | 1.087 | 15.210 | | | |
| BANDAR. | 82.862 | 22,41% | 18.567 | 101.429 | 3,70% | 3.753 | 105.182 | | | |
| KANADA | 2.973 | 21,99% | 654 | 3.627 | 3,90% | 141 | 3.768 | | | |
| BRETLAND | 16.764 | 26,93% | 4.514 | 21.278 | 6,90% | 1.468 | 22.746 | | | |
| FRAKKL. | 3.749 | 35,89% | 1.345 | 5.094 | 6,50% | 331 | 5.426 | | | |
| V-ÞÝSKAL. | 7.435 | 36,19% | 2.691 | 10.126 | 2,50% | 253 | 10.379 | | | |
| Samt. | 181.820 | 26,35% | 47.908 | 229.728 | 4,91% | 11.281 | 241.009 | | | |
| ÖNNUR L. | 5.978 | 28,13% | 1.682 | 7.660 | 5,80% | 444 | 8.104 | | | |
| ERL.ALLS | 187.798 | 26,41% | 49.590 | 237.388 | 4,94% | 11.725 | 249.113 | 10,00% | 24.911 | 274.024 |
| ÍSLAND | 166.795 | 0,00% | 0 | 166.795 | 31,60% | 52.707 | 219.502 | 23,20% | 50.925 | 270.427 |
| HAUSTLÁN | 354.593 | 13,99% | 49.590 | 404.183 | 15,94% | 64.432 | 468.615 | 16,18% | 75.836 | 544.451 |
| SAMTALS | 1.098.329 | 10,51% | 115.435 | 1.213.764 | 17,00% | 206.302 | 1.420.065 | 16,71% | 237.325 | 1.657.390 |

LÁNASJÓÐUR ÍSL.NÁMSMANNA SV 02.12.85

ÁÆTLUÐ GENGISÞRÓUN 1985-86

| | JAN. 1985 | APRÍL 1985 | JAN. 1986 | APRÍL 1986 | JAN 85-86 | APRÍL 85-86 | MEDT. VOR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| DANMÖRK | 3,607 | 3,703 | 4,579 | 4,859 | 26,95% | 31,22% | 28,66% |
| NOREGUR | 4,459 | 4,618 | 5,564 | 5,888 | 24,78% | 27,50% | 25,87% |
| SVÍÞJÓÐ | 4,517 | 4,609 | 5,52 | 5,841 | 22,21% | 26,73% | 24,02% |
| BANDAR. | 40,91 | 41,84 | 42,98 | 45,16 | 5,06% | 7,93% | 6,21% |
| KANADA | 30,94 | 30,63 | 31,034 | 31,69 | 0,30% | 3,46% | 1,57% |
| BRETLAND | 46,74 | 50,48 | 62,078 | 65,569 | 32,82% | 29,89% | 31,65% |
| FRAKKL. | 4,205 | 4,355 | 5,502 | 5,899 | 30,84% | 35,45% | 32,69% |
| V-ÞÝSKAL. | 12,87 | 13,28 | 15,783 | 18,005 | 30,40% | 35,58% | 32,47% |
| Samt. | | | | | | | 17,74% |
| ÖNNUR L. | | | | | | | 29,85% |
| ERL.ALLS | | | | | | | 18,20% |
| ÍSLAND | | | | | | | 0,00% |
| SAMT.VOR | | | | | | | 8,85% |

| GENGI: | SEPT 1985 | NÓV 1985 | SEPT 1986 | NÓV 1986 | SEPT 85-86 | NÓV 85-86 | MT.HAUST |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| DANMÖRK | 3,992 | 4,401 | 5,365 | 5,581 | 34,39% | 26,81% | 30,60% |
| NOREGUR | 4,965 | 5,359 | 6,468 | 6,717 | 30,27% | 25,34% | 27,81% |
| SVÍÞJÓÐ | 4,94 | 5,316 | 6,417 | 6,663 | 29,90% | 25,34% | 27,62% |
| BANDAR. | 42,57 | 41,943 | 51,254 | 52,183 | 20,40% | 24,41% | 22,41% |
| KANADA | 31,038 | 30,604 | 37,145 | 38,041 | 19,68% | 24,30% | 21,99% |
| BRETLAND | 55,511 | 59,855 | 71,827 | 74,495 | 29,39% | 24,46% | 26,93% |
| FRAKKL. | 4,745 | 5,253 | 6,626 | 6,941 | 39,64% | 32,13% | 35,89% |
| V-ÞÝSKAL. | 14,466 | 16,015 | 20,242 | 21,213 | 39,93% | 32,46% | 36,19% |
| Samt. | | | | | | | 26,35% |
| ÖNNUR L. | | | | | | | 28,13% |
| ERL.ALLS | | | | | | | 26,41% |
| ÍSLAND | | | | | | | 0,00% |
| SAMT.HAUST | | | | | | | 13,99% |
| | | | | | | | |
| SAMTALS | | | | | | | 10,51% |

16.12.85-GS

# STARFSMANNAHALD LÍN 1986

| NÖFN | STARFHEITI | LFL. | ST.G. | FÖST LAUN v.nóv.85 | FÖST LAUN v.1986 | YFIRV. v.1986 | ALLS v.1986 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sigurjón Valdimarsson | framkv.stj. | 143-8 | 1,0 | 578 | 636 | 318 | 954 |
| Magnús Guðmundsson | fulltr.frkv. | 139-4 | 0.5 | 215 | 237 | 118 | 355 |
| Ingibjörg Ólafsdóttir | fulltrúi | 063-8 | 1,0 | 398 | 437 | 219 | 656 |
| Gunnar Karlsson | deildarstj. | 070-6 | 1,0 | 448 | 493 | 246 | 739 |
| Valdimar Fr.Valdimars. | deildarstj. | 070-6 | 1,0 | 448 | 493 | 246 | 739 |
| Dan Gunnar Hansson | sérfræð. | 065-4 | 1,0 | 354 | 389 | 195 | 584 |
| Per Roald Landrö | sérfræð. | 137-6 | 1,0 | 443 | 488 | 244 | 731 |
| Jóhanna Gunnarsdóttir | fulltrúi | 060-3 | 0,5 | 146 | 161 | 80 | 241 |
| Guðmundur Sæmundss. | sérfræð. | 139-5 | 1,0 | 450 | 495 | 247 | 742 |
| Pétur Þórarinsson | sérfræð. | 136-2 | 1,0 | 361 | 397 | 198 | 595 |
| Steinunn Marinósdóttir | ritari | 060-5 | 1,0 | 319 | 351 | 175 | 526 |
| Gísli Fannberg | sérfræð. | 136-4 | 1,0 | 394 | 433 | 217 | 650 |
| Steingrímur Steinþórss. | sérfræð. | 136-5 | 1,0 | 412 | 453 | 226 | 679 |
| Frosti Jóhannsson | sérfræð. | 136-4 | 0,5 | 394 | 433 | 217 | 650 |
| Edda Kristjánsdóttir | sérfræð. | 136-2 | 1,0 | 361 | 397 | 198 | 595 |
| Margrét Billhardt | sérfræð. | 063-8 | 1,0 | 398 | 437 | 219 | 656 |
| Guðmundur Helgason | fulltrúi | 060-2 | 1,0 | 279 | 307 | 154 | 461 |
| Helgi Loftsson | fulltrúi | 063-2 | 1,0 | 305 | 336 | 168 | 504 |
| Sigríður B. Árnadóttir | fulltrúi | 060-3 | 1,0 | 292 | 321 | 161 | 482 |
| Guðrún E. Ásgrímsd. | fulltrúi | 060-5 | 1,0 | 319 | 351 | 175 | 526 |
| Þorsteinn Þorsteinsson | fulltrúi | 060-4 | 1,0 | 305 | 336 | 168 | 503 |
| Magnea Magnúsdóttir | fulltrúi | 060-2 | 1,0 | 279 | 307 | 154 | 461 |
| Drífa Guðjónsdóttir | fulltrúi | 060-2 | 1,0 | 279 | 307 | 154 | 461 |
| Hildur I. Björnsdóttir | fulltrúi | 060-2 | 1,0 | 279 | 307 | 154 | 461 |
| Hjalti Guðmundsson | fulltrúi | 060-2 | 1,0 | 279 | 307 | 154 | 461 |
| Rafn Gíslason | fulltrúi | 060-2 | 1,0 | 279 | 307 | 154 | 461 |
| Rannsóknir | rannsóknir | | | | | | 521 |
| Ræsting | | | | | | | 173 |
| Sumarafleysingar | | | | | | | 200 |
| Aukafólk á álagstímum | | | | | | | 410 |
| Stjórnarlaun | | | | | | | 495 |
| LAUN SAMTALS | | | | 9.015 | 9.916 | 4.958 | 16.672 |
| Lífeyrissjóðsframlag | | | | | | | 595 |
| Launask. og trygg.gj. | | | | | | | 167 |
| LAUNAKOSTNAÐUR ALLS | | | | | | | 17.434 |

(Reiknað er með að meðallaun ársins 1986 verði 10 % hærri en desemberlaun 1985. Þá er reiknað með að yfirvinna verði 50 % hjá sjóðnum í heild og er því hlutfalli dreift jafnt á alla starfsmenn í þessu yfirliti, þótt sjálfsagt verði hún ójöfn, þegar á reynir.)

**Fylgiskjal V.**

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild
25. sept. 1985

## GREIÐSLUYFIRLIT LÍFEYRISSJÓÐA 1981—1986

Bráðabirgðatölur 1981—1984, áætlun 1985—1986.
Áætlun 1986 á verðlagi í lok 1985.
Framfærsluvísitala = 154,3.

| | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið framlag | 476 | 705 | 1270 | 1582 | 2300 | 2752 |
| Afborganir | 109 | 204 | 374 | 634 | 0 | 0 |
| Afborganir og vextir | 0 | 0 | 0 | 0 | 2500 | 3010 |
| Vextir | 393 | 545 | 946 | 1069 | 0 | 0 |
| Kostnaður o.fl. | -26 | -44 | -50 | -121 | -200 | -258 |
| Iðgjöld nettó | 487 | 720 | 1157 | 1331 | 1654 | 1678 |
| Innkomin iðgjöld | 808 | 1229 | 2028 | 2535 | 3438 | 3884 |
| Lífeyrir | -320 | -507 | -868 | -1194 | -1784 | -2205 |
| Endurgreidd iðgjöld | -1 | -2 | -3 | -10 | 0 | 0 |
| Samtals ráðstöfunarfé | **963** | **1425** | **2427** | **2913** | **3954** | **4430** |
| Útlán | 887 | 1299 | 2088 | 3150 | 0 | 0 |
| Þar af til sjóða | 343 | 474 | 873 | 967 | 0 | 0 |
| Innstæðu- og sjóðsbr. | 79 | 121 | 332 | -238 | 0 | 0 |

## Fylgiskjal VI.

# SPARISKÍRTEINI

| 1985 | Innkomin sala 30. nóv. 1985 M.kr. | Nafnvextir |
|---|---|---|
| Hefðbundin spariskírteini | 1233,1* | 7 % |
| Vaxtamiðaskírteini | 11,9 | 6,7% |
| 18 mánaða skírteini | 75,1 | 5 % |
| SDR skírteini | 40,7 | 9 % |
| | 1360,8 | |

* Á tímabilinu 29. okt. til 15. nóv. voru um 300 m.kr. af hefðbundnum spariskírteinum seldar á genginu 94—97, sem gefur 9,23% eða 8,09% ávöxtun umfram verðtryggingu miðað við 3ja ára binditíma. Sala til lífeyrissjóða er ekki meðtalin í þessari tölu.

| **Lífeyrissjóðir.** | (M.kr.) Jan.—nóv. | Nafnvextir |
|---|---|---|
| Kaup á hefðbundnum skírteinum | 354,3* | 7% |
| Önnur verðbréf, lánstími 10 ár | 718,6 | 6% |
| Samtals | 1072,9 | |

* Á tímabilinu 20. okt. til 15. nóv. keyptu lífeyrissjóðir spariskírteini fyrir um 73,4 m.kr. á genginu 94—97.

Fylgiskjal VII.

SEDLABANKI ISLANDS
Greiðslujafnaðardeild
26. sept. 1985

## I. LÖNG ERLEND LÁN 1984

| Í millj. kr. | Meðalgengi 1984 (VLF = 81.566) | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Hreyfing á árinu 1984 | | | Staða | í % af |
| Lánnotendur | lántökur | afborg. | nettó | í árlok | VLF |
| Opinberir aðilar | 4.097 | 1.433 | 2.664 | 28.355 | 34,8 |
| Lánastofnanir | 1.982 | 605 | 1.377 | 6.588 | 8,1 |
| Atvinnufyrirtæki | 1.434 | 2.241 | -807 | 7.623 | 9,3 |
| Erlend lán, alls | 7.513 | 4.279 | 3.234 | 42.566 | 52,2 |

## II. LÖNG ERLEND LÁN 1985

| Í millj. kr. | Áætlað meðalgengi 1985 (VLF = 109.700) | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Hreyfing á árinu 1985 | | | Staða | í % af |
| Lánnotendur | lántökur | afborg. | nettó | í árlok | VLF |
| Opinberir aðilar | 4.528 | 1.750 | 2.778 | 39.320 | 35,8 |
| Lánastofnanir | 1.262 | 745 | 517 | 8.930 | 8,1 |
| Atvinnufyrirtæki | 2.035 | 2.005 | 30 | 9.820 | 9,0 |
| Erlend lán, alls | 7.825 | 4.500 | 3.325 | 58.070 | 52,9 |

## III. LÖNG ERLEND LÁN 1986

| Í millj. kr. | Áætlað árslokagengi 1985 (VLF = 122.400) | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Hreyfing á árinu 1986 | | | Staða | í % af |
| Lánnotendur | lántökur | afborg. | nettó | í árlok | VLF |
| Opinberir aðilar | 3.729 | 2.935 | 794 | 42.080 | 34,4 |
| Lánastofnanir | 1.672 | 815 | 857 | 10.235 | 8,3 |
| Atvinnufyrirtæki | 2.535 | 2.120 | 415 | 10.725 | 8,8 |
| Erlend lán, alls | 7.936 | 5.870 | 2.066 | 63.040 | 51,5 |